

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kynningu á nýju skipulagi í Breiðholti (US210255)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 06.10.2021 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

„Fulltrúa Flokks fólksins finnst kynning á svo stórri fyrirhugaðri breytingu á hverfisskipulagi í Breiðholti ábótavant og má telja víst að ekki nema brot af þeim sem búa í Breiðholti hafa áttað sig á hvað til stendur.

Fulltrúi Flokks fólksins spyr eftirfarandi:

Hvernig stendur á að farið hafi svo lítið fyrir kynningu á svo stórri fyrirhugaðri skipulagsbreytingu í nærumhverfi fjölda fólks?

Í tilfelli Mjóddar, þar sem hægt er að lesa sér til í fleiri en einni rúmlega 200 bls. skýrslum að gert sé ráð fyrir að byggja 800 nýjar íbúðir og 60.000 fermetra atvinnuhúsnæðis á 5-8 hæðum, er ekki einu sinni minnst á þessa meiriháttar breytingu í 4 bls. kynningarbæklingi um helstu breytingar aðalskipulagstillögunnar?“

Umsögn:

Vinna við undirbúning og gerð hverfisskipulags fyrir borgarhlutann BH6, Breiðholt hefur staðið yfir í nokkur ár. Viðtækt samráð hefur átt sér stað á öllum stigum skipulagsins en finna má nákvæmar upplýsingar um samráðsferlið á heimasíðu verkefnisins:

<https://skipulag.reykjavik.is/hverfisskipulag/breidholt/>

Ekki er hægt að taka undir þá fullyrðingu að farið hafi lítið fyrir kynningu á verkefninu sem hefur m.a. verið kynnt á mörgum íbúafundum, hverfisgöngum og sýningu á helstu skipulagshugmyndum eins og lýst er í samráðsáætlun verkefnisins. Hverfisskipulag fyrir Breiðholt tekur ekki til þess svæðis sem í daglegu tali kallast norður og suður Mjódd. Hafin er undirbúningur að kynningarferli og skipulagsgerð fyrir Mjódd en gert er ráð fyrir að sú vinna hefjist snemma á næsta ári. Allar forsendur fyrir þeirri skipulagsvinnu liggja fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi